

**Nö.**

**314. Nefndarátt**

nm frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 4, 14. febrúar 1902, um greiðslu verkkaups.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir klotnað nm mál þetta. Meiri hlutinn (Jör. B., H. V. og J. G.) telur rjett, að sett verði með lögnum ákvæði um, hvenær greiðsla verkkaups fyrir algenga daglannavinnu skuli síðast fram fara, þar sem það hefir ekki sjaldan sýnt sig, að þörf væri á slíkum ákvæðum. Telur meiri hlutinn því frumvarpið til bóta, en vill jafnframt setja þau takmörk fyrir því, hvað fast starfsfólk skuli teljast samkvæmt lögum þessum, að ráðning þess nái til sex mánaða eða lengur. Er þetta sjerstaklega gert með síldarvinnuna fyrir augnum, þar sem menn eru oft ráðnir til algengrar erfisvinnu í 2—3 mánnði, en verkkaup þeirra ætti að greiðast vikulega. Ennfremur telur meiri hlutinn æskilegt að gera málarekstur út af greiðslu verkkaups auðveldari og ódýrari en nú er, og vill því láta slík mál sæta meðferð einkalögreglumála. Að öðru leyti verður grein gerð í framsögu fyrir álit meiri hluta nefndarinnar.

Meiri hlutinn leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með svofeldum

**BREYTINGUM:**

1. Við 1. gr. Aftan við fyrri málsgrein komi: sex mánnði eða lengur.
2. Við 2. gr. Í staðinn fyrir orðin „umsamið verkkaup“ komi: umsamin upp-hæð verkkaups.

3. Á eftir 2. gr. kemur ný grein, er verður 3. gr. :

Heimilt er verkafólki að krefjast þess, að mál út af greiðslu verkkaups samkvæmt lögum þessum sæti meðferð einkalögreglumála. Má þá reka mál í þeirri þinghá, þar sem verkið hefir verið unnið, og skoðast atvinnurekandi eða umboðsmaður hans þar sem aðili, þótt þeir eigi heimilisvarnarþing annarsstaðar.

Rjettargjöld skulu ekki greidd í málnm þessnm.

4. 3. gr. verði 4. gr.

Alþingi, 4. apríl 1927.

Jörnundur Brynjólfsson,	Hjediinn Valdimarsson,	Jón Guðnason,
form.	frsm.	fundaskrifari.